

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps  
144. fundur.

**Miðvikudaginn 5. mars 2014 kom sveitarstjórn Húnavatnshrepps saman til fundar á Húnavöllum kl. 13.00 Þóra Sverrisdóttir setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P. Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leyti samkvæmt undirskriftum.**

**Dagskrá:**

**1. Skýrsla sveitarstjóra.**

**2. Fundargerðir:**

- a) Fræðslunefndar Húnavatnshrepps, dags. 10. febrúar 2014
- b) Fjallskilastjórnar Grímstungu- og Haukagilsheiðar, dags. 7. febrúar 2014.
- c) Fundar með skólaláttjórum Húnavallaskóla, dags. 28. janúar 2014.
- d) Skipulags- og byggingarnefndar Húnavatnshrepps, dags. 3. mars 2014.
- e) Undirbúningsstjórnar um nýtt byggðasaml. um málefni fatlaðs fólks, dags. 5. des. 2013.
- f) Undirbúningsstjórnar um nýtt byggðasaml. um málefni fatlaðs fólks, dags. 9. des. 2013.
- g) Undirbúningsstjórnar um nýtt byggðasaml. um málefni fatlaðs fólks, dags. 7. jan. 2014.
- h) Undirbúningsstjórnar um nýtt byggðasaml. um málefni fatlaðs fólks, dags. 10. jan. 2014.
- i) Undirbúningsstjórnar um nýtt byggðasaml. um málefni fatlaðs fólks, dags. 27. jan. 2014.
- j) Undirbúningsstjórnar um nýtt byggðasaml. um málefni fatlaðs fólks, dags. 29. jan. 2014.
- k) Stofnfundar byggðasamlags um málefni fatlaðs fólks, dags. 29. janúar 2014.
- l) Stjórnar Róta bs. Málefni fatlaðs fólks á vestanverðu Norðurlandi, dags. 5. febrúar 2014.
- m) Fundar með fulltrúum Landsvirkjunar og hönnuðum Blönduveitu, dags. 11. febrúar 2014.
- n) Stjórnar Sambands ísenskra. Sveitarfélaga, dags. 31. janúar 2014.

**3. Bréf:**

- a) Frá Innanríkisráðuneytinu, dags. 27. 01. 2014.
- b) Frá Leið ehf, dags. 28. 01. 2014.
- c) Frá SAMAN-hópnum, dags. 30. 01. 2014.
- d) Frá Blönduósbæ, dags. 28. 01. 2014.
- e) Frá Inkasso, dags. 31. 01. 2014.
- f) Frá mótsnefnd ís-mótsins á Svínavatni, dags. 06. 02. 2014.
- g) Frá Styrktarsjóði EBÍ, dags. 04. 02. 2014.
- h) Frá Landsneti, dags. 19. 02. 2014.
- i) Frá stjórn Reiðhallarinnar Arnargerði ehf, dags. 20. 02. 2014

**4. Önnur mál.**

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 13.05

Eftirfarandi breytingar voru samþykktar á boðaðri dagskrá: Fundargerð stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún, dags. 24. febrúar 2014, tekin fyrir undir dagskrárlið 2 o). Erindi frá Jóhönnu Pálmadóttur, dags. 9. febrúar 2014, tekið fyrir undir dagskrárlið 3 j).

**1. Skýrsla sveitarstjóra.**

Lagt var fram til kynningar erindi frá Hveravallafélaginu ehf. dags. 28. febrúar 2014, varðandi rekstur Áfangaskála.

Sveitarstjóri sat aðalfund Vilko, sem haldinn var 28. febrúar s.l. að Húnabraut 13. Blönduósi. Unnið er við viðgerðir á ljósastaurum í sveitarfélaginu. Farið hefur verið á 27 lögbyli en viðgerðum er ekki að fullu lokið.

Sveitarstjórn samþykkti þátttöku Húnavatnshrepps í útgáfu ferðamálabæklings fyrir Austur-Hún. Áætlaður kostnaður sveitarfélagsins er um 200 þús. kr.

Sveitarstjórn samþykkti fyrirbyggjandi tilboð í viðhald á sparkvellingum á Húnavöllum. Áætlaður kostnaður um 130 þús. kr.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps  
144. fundur.

Kynnt var kostnaðaráætlun frá OK vegna fyrirhugaðrar úttektar á fjarskiptakerfi Emax í Húnavatnshreppi. Sveitarstjóra var falið að vinna málið áfram. Skólastjóri kynnti fyrir sveitarstjórn nýtt tölvukerfi frá Nýherja, sem sett hefur verið upp í tölvuveri Húnavallaskóla. Um er að ræða 2 öflugar borðtölvur með myndvinnsluforritum auk 14 sýndarvéla og sörver. Tækjabúnaðurinn er ýmist keyptur eða á rekstrarleigu.

**2. Fundargerðir:**

**a) Fræðslunefndar Húnavatnshrepps, dags. 10. febrúar 2014**

Formanni fræðslunefndar, oddvita og sveitarstjóra falið að vinna áfram að því að ljúka samningum um skólaakstur næsta skólaár, á akstursleið 7.

**b) Fjallskilastjórnar Grímstungu- og Haukagilsheiðar, dags. 7. febrúar 2014.**

Til kynningar.

**c) Fundar með skólabílstjórum Húnavallaskóla, dags. 28. janúar 2014.**

Til kynningar.

**d) Skipulags- og byggingarnefndar Húnavatnshrepps, dags. 3. Mars 2014.**

Fundargerðin er í 9. Dagskrárliðum.

1. Erindi frá Bjarka Kristjánssyni, Svínavatni lnr. 196235, dagsett 16.01.2014, frestað á síðasta fundi nefndarinnar, umsókn um byggingarleyfi og breytta notkun á matshluta 02 og 03 úr fjósi og hlöðu í gistihús. Aðaluppdrættir fylgja umsókninni. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir byggingaráformin og breytta notkun með fyrirvara um aðgengi fatlaðra og brunavarnir. Afgr. nefndarinnar staðfest í sveitarstjórn.
2. Erindi frá Ingimar Jóhannssyni, breyttar teikningar vegna breytinga og viðhalds á íbúðarhúsinu í Grímstungu. Umsókninni fylgir breyttur aðaluppdráttur. Breytingin er fólgin í því að dýpka kjallara hússins þannig að hæð milli gólflata kjallara og 1. Hæðar verði 2,5 m í stað 2,2 m áður. Einnig er stiga milli hæða og innra skipulagi breytt. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir breytinguna með fyrirvara um aðgengi fatlaðra og brunavarnir. Afgr. nefndarinnar staðfest í sveitarstjórn.
3. Erindi frá Þóri Magnússyni, umsókn um stofnun lóðar úr landi Syðri- Brekku, landnr. 144727. Umsókninni fylgir hnitasettur uppdráttur. Óskað er eftir að lóðin verði tekin úr landbúnaðarnotkun. Lögbylisréttur og öll hlunnindi munu áfram fylgja jörðinni Syðri- Brekku, landnr. 144727. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og samþykki eiganda Brekku landnr. 144706 á landamerkjum. Afgr. nefndarinnar staðfest í sveitarstjórn
4. Erindi frá Þóri Magnússyni, umsókn um leyfi fyrir byggingarreit fyrir frístundahús á lóð úr landi Syðri- Brekku sem fengið hefur landnr. 222112. Umsókninni fylgir hnitasett afstöðumynd. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um meðmæli Skipulagsstofnunar sbr. 1. Tl. Ákvæðis til bráðabirgða í skipulagslögum nr. 123/2010. Afgr. nefndarinnar staðfest í sveitarstjórn.
5. Erindi frá Þóri Magnússyni, umsókn um byggingarleyfi fyrir frístundahús á lóð úr landi Syðri- Brekku sem fengið hefur landnr. 222112. Umsókninni fylgir aðaluppdráttur og skráningartafla. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um meðmæli Skipulagsstofnunar sbr. 1. Tl. Ákvæðis til bráðabirgða í skipulagslögum nr. 123/2010. Afgr. nefndarinnar staðfest í sveitarstjórn.
6. Erindi frá Vegagerðinni, umsókn um framkvæmdaleyfi til að endurbyggja Svínvetningabraut nr. 731 í 6,5 m breidd og leggja bundnu slitlagi á um 5,15 km löngum kafla frá slitlagsenda vestan við Hnjúkahlið austur fyrir heimreið að

## Sveitarstjórn Húnavatnshrepps

### 144. fundur.

Köldukinn. Erindinu fylgir uppdráttur af framkvæmdasvæðinu sem sýnir m.a. að veglína fylgir núverandi veglínu á framkvæmdakaflanum. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið. Afgr. nefndarinnar staðfest í sveitarstjórn.

7. Erindi frá Hveravallafélaginu ehf., umsókn um breytingu á deiliskipulagi fyrir Hveravelli á Kili. Fyrirhuguð deiliskipulagsbreyting nær til þjónustusvæðisins á Hveravöllum. Breytingin felur í sér stækkun á byggingarreit fyrir þjónustuhús og færslu á byggingarreit fyrir rafstöð, breytta skilgreiningu á þjónustuhúsi til að anna fjölbreyttari hópi ferðamanna og til að standast betur nútímakröfur um gistirými, breyting á bílastæðum og skilgreiningu á svæði fyrir húsbíla og fellihýsi á tjaldstæði. Að öðru leyti gildir deiliskipulag fyrir Hveravelli sem samþykkt var í apríl 2002, með breytingum samþykktum í febrúar 2013. Umsókninni fylgir skipulagsuppdráttur með greinargerð og skýringaruppdráttur. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir að leita umsagnar Skipulagsstofnunar um hvort deiliskipulagsbreytingin falli undir ákvæði laga 105/2006 um umhverfismat áætlaða. Afgr. nefndarinnar staðfest í sveitarstjórn.
8. Breyting á aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 vegna virkjanaframkvæmda á veituleið Blönduvirkjunar. Skipulagstillagan samanstendur af skipulagsuppdrætti og greinargerð. Breytingin er gerð vegna áforma um að reisa þrjár virkjanir á núverandi veituleið Blönduvirkjunar, frá Blöndulóni að Gilsárlóni, þ.e. Pramavirkjun (12 MW), Friðmundarvirkjun (11 MW) og Kolkuvirkjun (8 MW). Einnig er tækifærið notað til að skilgreina ýmsar námur í Húnavatnshreppi betur. Umsagnarfrestur um skipulags- og matslýsingu rann út 31. Janúar sl og bærust leiðbeinandi umsagnir frá Skipulagsstofnun og fjallskiladeild Auðkúluheiðar sem tekið hefur verið tillit til við vinnslu tillögunnar. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir að auglýsa tillöguna til kynningar skv 30. Gr skipulagslaga nr. 123/2010. Afgr. nefndarinnar staðfest í sveitarstjórn
9. Virkjanir á veituleið Blöndu. Staðsetning efnislosunarsvæða og frágangur raskaðs yfirborðs. Endurbætt greinargerð lögð fram til kynningar. Þarfnast ekki staðfestingar sveitarstjórnar.

**e) Undirbúningsstjórnar um nýtt byggðasaml. um málefni fatlaðs fólks, dags. 5. des. 2013.**

Til kynningar.

**f) Undirbúningsstjórnar um nýtt byggðasaml. um málefni fatlaðs fólks, dags. 9. des. 2013.**

Til kynningar.

**g) Undirbúningsstjórnar um nýtt byggðasaml. um málefni fatlaðs fólks, dags. 7. jan. 2014.**

Til kynningar.

**h) Undirbúningsstjórnar um nýtt byggðasaml. um málefni fatlaðs fólks, dags. 10. jan. 2014.**

Til kynningar.

**i) Undirbúningsstjórnar um nýtt byggðasaml. um málefni fatlaðs fólks, dags. 27. jan. 2014.**

Til kynningar.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps  
144. fundur.

**j) Undirbúningsstjórnar um nýtt byggðasaml. um málefni fatlaðs fólks, dags. 29. jan. 2014.**

Til kynningar.

**k) Stofnfundar byggðasamlags um málefni fatlaðs fólks, dags. 29. janúar 2014.**

Til kynningar.

**l) Stjórnar Róta bs. Málefni fatlaðs fólks á vestanverðu Norðurlandi, dags. 5. febrúar 2014.**

Til kynningar.

**m) Fundar með fulltrúum Landsvirkjunar og hönnuðum Blönduveitu, dags. 11. febrúar 2014.**

Til kynningar.

**n) Stjórnar Sambands ísenskra. Sveitarfélaga, dags. 31. janúar 2014.**

Til kynningar.

**o) Stjórnar Félags- og skólapijónustu A-Hún, dags. 24. febrúar 2014.**

Til kynningar.

**3. Bréf:**

**a) Frá Innanríkisráðuneytinu, dags. 27. 01. 2014.**

Efni: Varðar tilraunaverkefni um rafrænar íbúakostningar.

Til kynningar.

**b) Frá Leið ehf, dags. 28. 01. 2014.**

Efni: Staðfesting aðalskipulags sveitarfélaganna Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps og Skagafjarðar í júní 2012. Með erindinu fylgir kvörtun Leiðar ehf. dags. 7. júní 2013 til umboðsmanns Alþingis, vegna ofangreinds máls, ásamt svari umboðsmanns, dags. 13. nóv. 2013.

Niðurstaða umboðsmanns var sú að kvörtun Leiðar ehf. gefi ekki tilefni til umfjöllunar af hans hálfu um undirbúning og staðfestingu á aðalskipulagi þessara sveitarfélaga.

Til kynningar.

**c) Frá SAMAN-hópnum, dags. 30. 01. 2014.**

Efni: Beiðni um styrk að upphæð 50 þús kr. Vegna framleiðslu á forvarnarmyndbandi, þar sem foreldrar eru hvattir til að gera eitthvað saman með börnum sínum og huga að velferð þeirra.

Erindinu var hafnað.

**d) Frá Blönduósbæ, dags. 28. 01. 2014.**

Efni: Sameining sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu.

Í erindinu er kynnt eftirfarandi bókun bæjarstjórnar Blönduósbæjar þann 21. janúar 2014: „*Bæjarstjórn Blönduósbæjar telur mikilvægt að vinna að sameiningu sveitarfélaga í Asutur Húnavatnssýslu og samþykkir að fela bæjarstjóra að kanna hug annarra sveitarfélaga í A-Húnavatnssýslu til að koma að þeirri vinnu*”

Óskað er eftir afstöðu sveitarfélagsins hvort og þá hvernig skuli unnið að frekari sameiningu sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu..

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps  
144. fundur.

Eftirfarandi bókun var samþykkt:

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps telur raunhæfan valkost að sameina öll sveitarfélögin í A-Hún. en telur rétt að kanna hug íbúanna til slíkrar sameiningar áður en frekari vinna er lögð í sameiningarviðræður.

**e) Frá Inkasso, dags. 31. 01. 2014.**

Efni: Beiðni um samstarf í innheimtu.

Til kynningar.

**f) Frá mótsnefnd Ís-mótsins á Svínavatni, dags. 06. 02. 2014.**

Efni: Leitað er eftir stuðningi við Ís-mótið á Svínavatni.

Gert var ráð fyrir 20 þús kr. styrk í verkefnið 2014. Styrkurinn hefur verið greiddur.

**g) Frá Styrktarsjóði EBÍ, dags. 04. 02. 2014.**

Efni: Varðar umsóknir sveitarfélaga um stuðning frá sjóðnum á árinu 2014.

Til kynningar.

**h) Frá Landsneti, dags. 19. 02. 2014.**

Efni: Skipulagsmál tengd Blöndulínu 3.

Í erindinu er vísað til fundar Landsnets með fulltrúum allra sveitarfélaga á svæði Blöndulínu 3, sem haldinn var í Miðgarði í Varmahlíð þann 21. ágúst 2013. Þar var m.a. farið yfir stöðu undirbúnings vegna Blöndulínu 3. Varðandi áframhald skipulagsmála lagði Landsnet til að stofnuð yrði samstarfsnefnd félagsins og sveitarfélaganna á svæðinu. Ekki var tekin afstaða til þessarar tillögu heldur ákveðið að sveitarfélögin funduðu um málið, áður en frekari ákvarðanir yrðu teknar. Af þeim fundi hefur ekki orðið.

Meðan skipulagsmálin þokast ekki áfram lengist sem því nemur í að Landsnet nái að vinna að nauðsynlegum styrkingum á flutningskerfinu á Norðurlandi. Fram kemur að styrking flutningskerfisins sé forsenda þess að svæðið standi jafnfætis örum landssvæðum hvað varðar afhendingarmöguleika, afhendingaröryggi og gæði raforku.

Eftirfarandi bókun var samþykkt:

Það er gert ráð fyrir Blöndulínu 3 í Aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps telur afar mikilvægt að styrkja flutningskerfi Landsnets meðal annars vegna mögulegrar atvinnuþbyggingar í héraðinu og vísar í því sambandi til þingsályktunar sem samþykkt var á alþingi 15. janúar sl. og er svohljóðandi:

*Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma á samstilltu átaki stjórnvalda og sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu um eflingu atvinnulífs og sköpun nýrra starfa á Norðurlandi vestra með nýtingu raforku sem framleidd er í Blönduvirkjun. Markmiðið með áttakinu er að efla samkeppnishæfni svæðisins og undirbúa það fyrir þá uppbyggingu sem fylgir orkunýtingu Blönduvirkjunar og jafnframt vinna að markaðssetningu svæðisins sem iðnaðarkosts, svo sem fyrir gagnaver.*

Sveitarstjórn fagnar þessari ályktun alþingis og ber miklar vonir til þess að ríkisstjórnin komi heils hugar að átaki til atvinnusköpunar í Austur-Húnavatnssýslu ásamt sveitarfélögum í héraðinu.

Blönduvirkjun var tekin í notkun árið 1991. Hafa sveitarfélög í Austur-Húnavatnssýslu unnið að því síðan þá að laða að orkufrekan iðnað í héraðið. Er því fyllilega orðið tímabært að

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps  
144. fundur.

héraðið fari að njóta góðs af þeirri orku sem Blönduvirkjun gefur af sér. Veruleg hagkvæmni er af því að nýta orku sem næst virkjunarstað og komast þannig hjá flutningstapi orku. Nú eru í undirbúningi frekari virkjanir á veituleið Blönduvirkjunar, ekki verður við það unað að sú orka verði flutt úr héraði.

**i) Frá stjórn Reiðhallarinnar Arnargerði ehf, dags. 20. 02. 2014.**

Efni: Óskað er eftir því að sveitarstjórn Húnavatnshrepps geri samning um árlegan stuðning, að upphæð 150 þúsund, við starfsemi Reiðhallarinnar Arnargerðs ehf.

Sveitarstjórn samþykkti að styrkja rekstur Reiðhallarinnar Arnargerði ehf. um 150 þús. kr á árinu 2014. (tekið af rekstrarlið 689-9991)

**j) Frá Jóhönnu Pálmadóttur, dags. 09. 02. 2014.**

Efni: Ósk um að verða leyst frá sveitarstjórnarstörfum af persónulegum ástæðum. Sveitarstjórn samþykkti erindið.

**4. Önnur mál.**

Oddviti kynnti áform um fornleifarannsóknir á klausturminjum á Þingeyrum.

Umræður án bókana.

Fleira ekki gert  
Fundu slitið kl. 17.00

---

Þóra Sverrisdóttir

---

Gísli Hólm Geirsson

---

Jakob Sigurjónsson

---

Guðmundur R. Halldórsson

---

Ingibjörg Sigurðardóttir.

---

Magnús R. Sigurðsson

---

Jón Gíslason

---

Jens P. Jensen